

## Hversu sýnilegt er „Icelandic Agricultural Sciences“ í alþjóðlegum vefsetrum?

Sigurður Ingvarsson<sup>1\*</sup>, Bjarni Diðrik Sigurðsson<sup>2</sup>, Þorsteinn Guðmundsson<sup>2</sup>

<sup>1</sup>Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum, <sup>2</sup>Landbúnaðarháskóli Íslands

### Ágrip

Alþjóðlega vísindaritið *Icelandic Agricultural Sciences* (IAS) birtir greinar um hagnýt og fræðileg efni í náttúruvísindum. Tímaritið er í prentaðri útgáfu og í opnum rafrænum aðgangi. Greinar í IAS koma fram í ýmsum alþjóðlegum vefsetrum. Leit var framkvæmd í vefsetrum Web of Science og Scopus þann 21. nóvember 2014 til að kanna hversu sýnilegt IAS er. Alls voru 42 IAS greinar (2009-2013) í Thomson gagnagrunni og 36 (2010-2013) í Scopus gagnagrunni, sem eru allar greinar sem komu út í IAS á þessu árabili. Vitnað hefur verið í þessar 42 og 36 greinar 90 og 70 sinnum, að meðaltali 2,1 og 1,9 tilvitnanir í hverja grein. Matsstuðull (e. Impact Factor) er nú 0,071. SJR (SCImago Journal Rank) er 0,211 og SNIP (Source Normalized Impact per Paper) er 0,213. Hirsch-index mælist fimm. Sú grein sem oftast var vitnað í fjallar um öskufall og áfok. Web of Science vefsetrið flokkar greinarnar sem vitna í IAS í 33 svið og Scopus vefsetrið í 18 svið. Höfundar að greinunum sem vitna í IAS eru frá 128 stofnunum og háskólum víðs vegar í heiminum, í fimm heimsálfum og 33 löndum. Vefsetursgreiningin á IAS endurspeglar árangursríkt gæðastarf tímaritsins, fjölbreytt fræðasvið hagnýtra náttúrufræða og gefandi alþjóðlegt samstarf. Árangur útgáfustarfsins er góður og IAS er vel sýnilegt meðal vísindarita sem það er sett í flokk með.

**Efnisorð:** Útgáfa, vísindarit, vefsetur, náttúrufræði, landnýting

### Inngangur

*Icelandic Agricultural Sciences* (IAS) er alþjóðlegt vísindarit sem birtir greinar um hagnýt og fræðileg efni í náttúruvísindum, aðallega tengd norðurslóðum. Ritið er gefið út af átta íslenskum stofnunum sem beint eða óbeint tengjast nýtingu náttúruauðlinda (tafla 1). Efnistöð IAS koma fram á heimasíðu ritsins, en þar segir að ritið birti greinar „on any aspect of applied life sciences that are relevant under boreal, alpine, arctic or subarctic conditions. Relevant subjects include e.g. any kind of environmental research, farming, breeding and diseases of plants and animals, hunting and fisheries, forestry, soil conservation, ecology of managed and natural ecosystems, geothermal ecology, etc“ (Icelandic Agricultural Sciences 2014).

---

\* [siguring@hi.is](mailto:siguring@hi.is)

**Tafla 1.** Útgáfustofnanir *Icelandic Agricultural Sciences*

<b>Stofnanir</b>
Bændasamtök Íslands
Hólaskóli, Háskólinn á Hólum
Landbúnaðarháskóli Íslands
Landgræðsla ríkisins
Matís ohf
Rannsóknastöð skógræktar, Mógilsá
Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum
Veiðimálastofnun

Allar greinar sem birtast í ritinu eru ritrýndar af að minnsta kosti tveimur fagmönnum, þar af minnst einum erlendum. Greinar í ritinu eru á ensku með íslensku yfirliti. IAS kemur út einu sinni á ári, bæði í prentaðri útgáfu og opnum rafrænum aðgangi (e. Open Access). Greinar í IAS koma fram í ýmsum alþjóðlegum vefsetrum, svo sem Web of Science, Scopus, CAB Abstracts, BIOSIS og Google-Scholar leitarvél.

Í síðasta hefti ritsins, 27. árgangi ársins 2014 er ein ritstjórnargrein, sex greinar í fullri lengd og tvær stuttar greinar með nýjum rannsóknarniðurstöðum, auk einnar yfirlitsgreinar. Yfirlitsgreinin fjallar um ónæmisviðbrögð í þorski, en slík grunnþekking er afar mikilvæg ef takast á að þróa arðbært þorskeldi. Hinar greinarnar fjalla um rannsóknir á kuldaaðlögun vetrarhveitis, mat á frumframleiðni íslensks graslendis með fjarkönnun, rannsókn á listeríusýkingu í hrossum, mælingar á eðlis- og efnaeiginleikum uppfoks og rykmengunar á Íslandi, erfðafræðileg greining á sögu og stofngerð íslenska hestsins, jarðvegsrannsóknir á afdrifum áborins fosfórs í túnnum hérlendis, frjókornarannsóknir til að skýra gróðurfarssögu birkis og blöndun þess við fjalldrapa frá ísaldarlokum hérlendis og rannsókn á rótarvexti íslenska birkisins.

## Aðferðir

Leit var framkvæmd í vefsetrum Web of Science - Thomson Reuters og Scopus - Elsevier þann 21. nóvember 2014 til að kanna hversu sýnilegt ritið er. IAS hefur verið í gagnagrunnum Thomson Reuters síðan árið 2009 og í gagnagrunnum Scopus síðan árið 2010. Þessi tvö vefsetur bjóða upp á ýmsar tölulegar upplýsingar um alþjóðleg rit og greinar sem birtast í þeim. Uppfærslur eiga sér stað í vefsetrunum vikulega. Gagnagrunnarnir ná ekki yfir nákvæmlega sömu tímarnir; í dag eru fleiri tímarit í Scopus, en Web of Science nær yfir lengra tímabil.

## Niðurstöður og umræða

Alls voru 42 IAS greinar (2009-2013) í Web of Science gagnagrunninum og 36 (2010-2013) í Scopus-gagnagrunninum, sem eru allar greinar sem komu út í IAS á þessu árabili (mynd 1). Tilvitnanir í Web of Science eru alls 90 eða að meðaltali 2,1 tilvitnanir í hverja grein, en heldur færri í Scopus eða 1,9 í hverja grein (tafla 2).

Fyrstu tvö árin (2011-2012) var matsstuðull í Web of Science (e. Impact Factor) 0,562 og 1,750, sem er mjög góður árangur, en hann féll í 0,071 fyrir árið 2013. Þennan breytileika má skýra með því að matsstuðullinn byggir einungis á tilvitnunum í greinar síðustu tveggja ára og þar sem mjög fáar greinar

eru gefnar út á hverju ári getur matsstuðullinn fallið í mjög lága tölu ef lítið er vitnað í greinar eins árs. Ritið kemur jafnframt út frekar seint á árinu og það dregur úr líkum á háum matsstuðli og eykur breytileikann, þar sem stuðullinn byggir þá nær eingöngu á einu ári.


SJR (SCImago Journal Rank) áhrifastuðull ritsins í Scopus er 0,211 og hefur hann lækkað frá fyrra ári eins og IF. Af 29.386 ritum í Scopus setur þessi tala IAS í 14.085. sæti. SJR innan fræðasviðsins (Subject area: Agricultural and Biological Sciences, Subject category: Agronomy and Crop Science) setur IAS í 219. sæti af 311. Samkvæmt Scopus er tveggja ára meðaltal tilvitnana í greinar IAS 0,14. Þessi tala setur IAS í 19.142.-19.455. sæti af 29.385.

Hirsch-index mælist fimm í Web of Science og fjórir í Scopus, sem þýðir að þessi fjöldi greina í IAS eru með jafnmargar tilvitnanir eða fleiri. Þennan mun má skýra með því að Web of Science nær lengra aftur í tímann. Sú grein sem oftast var vitnað í fjallar um öskufall og áfok (Arnalds 2010).

Web of Science-vefsetrið flokkar greinarnar sem vitna í IAS í 33 svið og Scopus vefsetrið í 18 svið. Höfundar að greinunum sem vitna í IAS eru frá 128 stofnunum og háskólum víðs vegar í heiminum, í 33 löndum og fimm heimsálfum (mynd 2).


**Tafla 2.** Töluleg greining á IAS og greinum sem hafa birst þar samkvæmt Web of Science og Scopus. H-index (Hirsch index) greinir frá fjölda greina með jafnmargar tilvitnanir. Impact Factor (IF), Impact Per Publication (IPP), SCImago Journal Rank (SJR) og Source Normalized Impact per Paper (SNIP) greina frá hversu oft er vitnað í greinar sem birtar eru í IAS. IF og IPP eru stuðlar sem ná yfir öll fræðasvið, en SJR og SNIP taka tillit til viðkomandi fræðasviðs, hvaðan tilvitnanirnar koma og hversu virkir vísindamennirnir eru sem vitna í greinarnar.

Breytur	Web of Science	Scopus
Árabil	2009 - 2013	2010 - 2013
Heildarfjöldi greina í IAS	42	36
Heildarfjöldi tilvitnana	90	70
Meðaltal tilvitnana í heild	2,1	1,9
Tveggja ára meðaltal tilvitnana:		
2011	-	0,60
2012	-	1,94
2013	-	0,14
H-index	5	4
IF:		
2011	0,562	-
2012	1,750	-
2013	0,071	-
IPP:		
2011	-	0,600
2012	-	1,563
2013	-	0,625
SJR:		
2011	-	0,194
2012	-	0,527
2013	-	0,211
SNIP:		
2011	-	0,463
2012	-	1,295
2013	-	0,213
Fjöldi tilvitnana í Arnalds (2010)	24	27



**Mynd 1.** Dreifing á fjölda greina í IAS á milli mismundandi ára (a) og dreifing á fjölda tilvitnana í þær (b), samkvæmt Web of Science.

Vefsetursgreiningin á IAS endurspeglar árangursríkt gæðastarf tímaritsins, fjölbreytt fræðasvið hagnýtra náttúrufræða og gefandi alþjóðlegt samstarf. Vísindamenn í öðrum rannsóknarhópum víðs vegar um heiminn nota greinar í IAS til að skipuleggja eigin rannsóknir eða fjalla um þær til samanburðar og við túlkanir á niðurstöðum. Árangur útgáfustarfsins er góður og IAS er nú vel sýnilegt meðal smárra til meðalstórra vísindarita sem það er sett í flokk með. Ritið er því klárlega orðinn einn öflugasti vettvangurinn til að birta íslenskar rannsóknir sem tengjast landnýtingu, búvísindum og ýmsum greinum náttúrufræði.



**Mynd 2.** Yfirlit yfir stofnanir greinahöfunda sem vitna í Icelandic Agricultural Sciences samkvæmt Web of Science.

## Heimildaskrá

Arnalds, Ó. 2010. Dust sources and deposition of aeolian materials in Iceland. Icelandic Agricultural Sciences 23: 3-21.

Icelandic Agricultural Sciences 2014. Sótt 21. nóv. 2014 á <http://www.ias.is/>

Scopus 2014. Sótt 21. nóv. 2014 á <http://www.scopus.com/>

Web of Science 2014. Sótt 21. nóv. 2014 á

[http://apps.webofknowledge.com/WOS\\_GeneralSearch\\_input.do?product=WOS&search\\_mode=GeneralSearch&SID](http://apps.webofknowledge.com/WOS_GeneralSearch_input.do?product=WOS&search_mode=GeneralSearch&SID)